


Skýrsla stjórnar
Hjólreiðasamband Íslands



HJÓLREIÐASAMBAND
ÍSLANDS

Ársþing HRÍ 2020 var haldið þann 7. mars s.l. en þar tók við alveg ný stjórn sem verður að teljast frekar stór áskorun að skipta öllum út. En við þurftum að koma okkur hratt inn í málin sem gekk bara nokkuð vel. Á fyrsta fundi eftir þingið skipti stjórnin með sér verkum og var verkaskiptingin eftirfarandi.

Bjarni M Svavarsson	formaður	til eins árs
Hjalti G Hjartarson	varaformaður	til tveggja ára
Guðfinnur Hilmarsson	Gjaldkeri	til eins árs
Elsa Gunnarsdóttir	Ritari	til eins árs
Árni F Sigurðsson	meðstjórnandi	til tveggja ára

Varamenn voru Gunnlaugur Sigurðsson, Helgi Berg Friðþjófsson og Sædís Ólafsdóttir, öll kosin til eins árs.

Nefndir voru skipaðar fljótlega eftir fyrsta fund og hafa þær verið virkar á árinu. En þær eru eftirfarandi

Mótanefnd.

Hannes A Hannesson
Ása Guðný Ásgeirsdóttir
Erla Björk Sveinbjörnsdóttir
Svanur Daníelsson
Halldór Valgeirsson
Ingvar Júlíus Tryggvason

(kemur í stað Halldórs ágúst 2020)

Landsliðs og afreksnefnd.

Gunnlaugur Sigurðsson
Ármann Gylfason
Thomas Skov Jensen
Hákon Hrafn Sigurðsson

Dómaranefnd

Var ekki virk og vantar gott fólk í hana

Laga og aganefnd


Sunna Axelsdóttir
Tómas Hrafn Sveinsson
Runólfur Vigfússon
Björgvin H. Fjeldsted

Fræðsu og ungmennanefnd

Helgi Berg Friðþjófsson
Erla Björk Sveinbjörnsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Hannes A Hannesson
Jón Gunnar Kristinsson



HIÐ ÍSLANDSAMBAND
ÍSLANDS



Auk þess sem fólk þurfti að koma sér inn í mál hjólreiðasambandsins, kynnst hvernig ÍSí og afrekssjóður virkar, þá bættist við önnur áskorun sem allir vita hver var en förum ekki meira út í það hérna.

Fyrstu verkefni nýrrar stjórnar með aðstoð afreks- og landsliðsnefndar var að klára afreksstefnu sem liggur fyrir þinginu til samþykktar en hún hefur verið kynnt á

formannafundi og er stjórn farin að vinna eftir henni. Um leið og slaknaði á takmörkunum í maí, var blásið til hæfileikamótunar sem fram fór í Grindavík og nágrenni og var gíst í 2 nætur á Northern Light Inn hótelinu sem er í Svartsengi. Hjólað var um vegi á stór Reykjanessvæðinu og fjallið Þorbjörn notað fyrir fjallahjól. Einnig voru nokkrir fyrirlestrar í íþróttamiðstöðinni í Grindavík.

Mótaskrá fyrir árið 2020 var gefin út í nóvember 2019 en svo komu samkomutakmarkanir í veg fyrir að hægt væri að fylgja henni eftir. Það varð að fresta mótum, aflýsa mótum og bæta við mótum sem tókst með ágætum. Ég vil sérstaklega þakka mótanefnd fyrir skjót og góð viðbrögð og vera lausnarmiðuð í verkefnum síðastliðið sumar.



Það var markmið stjórnar að keppnisreglur yrðu tilbúnar vel fyrir keppnistímabilið sem tókst, en upp komu nokkrum sinnum atvik á keppnisárinu þar sem stjórn ásamt mótanefnd þurfti að lagfæra reglur sem þóttu ekki nógu skýrar en þessar reglur þarf stöðugt að vera að endurskoða.

Loks þegar hægt var að starta sumrinu þá voru mótin orðin frekar þétt og var mál manna að

keppnissumarið á Íslandi 2020 hafi verið stutt og skemmtilegt en það náðist að klára það sem var á plani í þeim glugga sem opnaðist síðasta sumar.



Árið 2020 voru haldin 26 mót, krýndir 64 Íslandsmeistarar og 52 bikarmeistarar

Hjólreiðamaður og konar ársins voru valin af formönnum aðildarfélaganna, stjórn HRÍ og meðlimum nefnda í netkosningu.

Ingvar Ómarsson var kjörinn hjólreiðamaður ársins Ágústa Edda Björnsdóttir var kjörin hjólreiðakona ársins Davíð Jónsson var kjörinn efnilegasti hjólreiðamaður ársins Bergdís Eva Sveinsdóttir var kjörin efnilegasta hjólreiðakona ársins



Af erlendum vettvangi þá stóð til að fara í verkefni með yngri hópa og eldri, en utanaðkomandi aðstæður komu í veg fyrir það í lang flestum tilfellum. HM í Imola var sett á með mjög stuttum fyrirvara og var ákveðið að senda 2 karla og 4 konur á það mót til að keppa í götuhjólreiðum og tímatöku. Þessi ákvörðun var tekin aðallega til að byggja upp reynslu, bæði hjá keppendum og fararstjórum. Til viðbótar við reynslu þeirra sem fóru til Imola kom einnig gífurleg reynsla í bankann hjá stjórn við skipulagningu svona ferðar. Það voru svo 5

keppendur (1 gaf ekki kost á sér), 1 fararstjóri og 2 aðstoðarmenn sem fóru til Ítalíu. Einn keppandi keppti á HM í fjallahjólreiðum á árinu.

Fljótlega á tímabilinu ákvað stjórn að ráða starfsmann í hlutastarf og er Elsa Gunnarsdóttir starfsmaður HRÍ og hefur sinnt því starfi frá júní 2020. Ákveðið var að ráða fyrst til reynslu út sumarið og svo var ákveðið að halda því samstarfi áfram. Hún stefnir að því að vera með fasta viðveru á skrifstofunni þar sem fólk getur komið í kaffibolla og rætt um málefni sambandsins.

Fundir stjórnar voru 18 talsins en stjórn ákvað strax að vera með fasta fundi einu sinni í mánuði og nota fjarfundi á milli ef það var eitthvað aðkallandi. En sumir af þessum föstu fundum hafa þurft að vera á fjarfundi og að sjálfsögðu hefur Árni sem er á Akureyri oftast verið með okkur á fjarfundi.

Formannafundir voru 3 á tímabilinu og allir á fjarfundi og vona ég að það verði ekki þannig árið 2021.

Töluvert var af fjarfundum með öðrum samböndum og ÍSÍ varðandi uppfærslu á samkomutakmörkunum sem undirritaður og Elsa sóttu.

Engir fundir voru erlendis á árinu 2020 en þeim var öllum frestað eða færðir í fjarfundi.

Stjórn HRÍ vill þakka þeim sem komu að mótahaldi, nefndarstörfum og almennri aðstoð fyrir vel unnin störf á árinu 2020

Takk fyrir okkur.